

Blindsker

Sjá myndband við þetta lag á Tónlist.is [HÉR](#)

Lag og texti: Bubbi Morthens

Skömmu áður en vindurinn sofnar uppi á hæðunum
eins og morgundögginn sprettur svitinn fram.
Andartaki áður en nýr dagur kemur með póstinum
ákveður sólin að hylja sinn harm.

Og ég veit ég þarf að leika sama leikinn
veruleikinn er eins og gömul mynd
ég sest niður með kaffið, ég set Bowie á fóninn
þitt uppáhalds lag var Wild is the wind.

Og öll þessi ár sem gáfu okkur það
sem aðrir óskuðu sér
elskendur í stormi sem aldrei sáu að ástin var
aðeins blindsker.

Ég geng sömu göturnar, hitti sama fólkið
geri sömu hlutina og ég gerði með þér
þótt dagurinn sé sá sami er það ekki sama nóttin
því nóttin var okkar tími til að byrja með.

Og ég veit ég þarf að leika sama leikinn ...

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

- Das Kapital - Lili Marlene (1984)
- Bubbi - Blús fyrir Rikka (1986)*
- Bubbi - Frelsi til sölu (CD útgáfum 1987-2006)
- Bubbi - Sögur 1980-1999 (1999)
- Ýmsir - Óskalögin 6 (2002)
- Úr kvikmynd - Blindsker, saga Bubba Morthens (2004)
- Bubbi ; Das Kapital - 06.06.06 (CD & DVD, 2006)*
- Ýmsir - 100 Íslensk 80's lög (2007)
- Ýmsir - 100 bestu lög lýðveldisins (2008)
- Ýmsir - 100 Íslensk lög í fríið (2010)
- Bubbi - Sögur af ást, landi og þjóð 1980 - 2010 (CD & DVD, 2010)